

4. gr.

3

Brot gegn lögum þessum varða sektum til rikissjóðs frá 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála. 12. jan.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kirkju- og manntalsbækur færðar samkvæmt þeim frá 1. janúar 1945.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

4

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar opinberar jarðir. 12. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldir jarðir:

1. Kirkjujörðina Laxárdal í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu ábúandanum, Jól Gíslasyni.
2. Kirkjujörðina Ymjaberg (Emmuberg) í sama hreppi ábúandanum, Jónasi Guðjónssyni.
3. Kirkjujörðina Prestsbakkakot á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum, Jóni Steingrímssyni.
4. Eyðijörðina Gröf í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu Gísla Þórðarsyni, oddvita á Ölkeldu.
5. Kirkjujörðina Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu ábúandanum, Guðmundi Vigfússyni.
6. Eyðijörðina Steinboga í Hjaltastaðahreppi notanda hennar, Geirmundi Eiríkssyni, bónda á Hólí.
7. Eyðijörðina Engjalæk í Hjaltastaðahreppi notanda hennar, Halldóri Guðmundssyni, bónda á Klúku.

Jarðir þær, sem um getur í tölul. 1, 2, 3, 5 og 6, skulu seldar með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali samkv. l. nr. 116 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Eyðijörðin Gröf í Staðarsveit selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Ölkeldu í sömu sveit eða hluta af henni, ef jörðinni verður skipt.

Eyðijörðin Engjalækur í Hjaltastaðahreppi selst með því skilyrði, að hún sameinist Klúku eða öðrum helmingi hennar, þegar henni verður skipt í tvær jarðir.

1945

4

4

12. jan.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

5

12. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 20 1944, skulu koma í gildi af nýju 1. janúar 1945 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

6

12. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 7. kafli orðist svo:

7. kafli.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Grænmeti, nýtt og þurrkað.				
1	Ætisveppir	1 kg	7	50
2	Tómötur	—	7	10
3	Laukur	—	7	10
4	Kartöflur	50 kg	200	